

Skýrsla stjórnarformanns 2011

FUNDIR STJÓRNAR – STJÓRNARSTÖRF

Frá aðalfundi Sam 4. mars 2010 hefur stjórn SAM haldið sjö bókaða fundi.

Meðal verkefna sem stjórn SAM hefur unnið að frá síðasta aðalfundi var skipan fulltrúa í verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarsins, mat á áhrifum hugsanlegrar aðildar Íslands að ESB, stofnun matvælahóps innan Samtaka Iðnaðarins, breytingar á nafni og starfsemi Markaðsnefndar mjólkuriðnaðarins, gerð tillögu um greiðslumark mjólkur verðlagsárið 2011 og mjólkuruppgjör verðlagsársins 2009/2010.

Auk ofangreindra verkefna var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2010

Mjólkurframleiðslan dróst saman á árinu 2010. Innvigtun 2010 nam 123 milljónum lítra, en framleiðslan 2009 nam 126 milljónum lítra. Samdráttur milli áráanna 2009 og 2010 var því 1,9%.

Greiðslumark verðlagsársins 2009/2010 var 155 milljónir lítra, en verðlagsárið var óvenju langt að þessu sinni, eða 16 mánuðir. Umfram mjólk á verðlagsárinu 2009/2010 varð samtals 6.572.852 lítrar. Ákveðið hefur verið að færa verðlagsárið og miða það við almanaksárið frá og með 1. janúar 2011. Greiðslumark verðlagsársins 2011 hefur verið ákveðið 116 milljónir lítra.

Sala mjólkurvara árið 2010 var góð þó ekki hafi náðst að halda þeirri góðu sölu sem var árið 2009. Umreiknuð sala á próteingrunni nam 114,7 milljónum lítra, sem er 2,5% samdráttur frá fyrra ári. Umreiknuð sala á fitugrunni var 110,6 milljón lítrar sem er samdráttur um 4,3% á árinu 2010.

Útflutningur á próteinhluta jókst nokkuð á árinu 2010 og nam 9,1 milljón lítrum í stað 7,8 millj. ltr. 2009. Útflutningur á fituhlutanum nam 12,2 millj. ltr., sem er lítilsháttar samdráttur frá árinu 2009.

SAMSTARFSNEFND BÍ OG SAM

Samstarfsnefndin fundaði 26. febrúar 2010 og fjallaði um mjólkuruppgjör vegna verðlagsáranna 2007/2008 og 2008/2009. Á sama fundi samþykkti nefndin að ríkisstuðlar sem notaðir eru við mat á sölu á fitu- og próteingruni skyldu endurskoðaðir.

RANNSÓKNARSTOFA SAM

Rekstur Rannsóknarstofu SAM og Framleiðendapjónusta SAM gekk vel á árinu 2010. Nánar er greint frá rekstri og mælingarniðurstöðum Framleiðendapjónustu og Rannsóknarstofu SAM á síðar í ársskýrslunni.

Flugumýrarhvammi í mars 2011

Rögnvaldur Ólafsson
stjórnarformaður.